

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 22. október 2020

Mál nr. E-3066/2019:

A

(Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður)

gegn

B og

C

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað með stefnu 27. júní 2019 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð þess 14. september sl. Stefnandi er A, [...] . Stefnendu eru B, [...] og C, [...].

Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli í staflíðum a-j verði dæmd dauð og ómerk:

a-liður: B segir á 1:35 mín. í upptöku: „að sögn hennar fór hann fljótlega að beita hana ofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu, eitt sinn var D svo bólgin og marin í andliti, eftir ofbeldi mannsins, að hún var frá vinnu í heila viku og neyddist til að leita til læknis.“

b-liður: B segir á 2:44 mín. í upptöku: „nokkuð dró úr ofbeldinu eftir fæðingu eldri dótturinnar, en þegar sú yngri var hálfis árs, réðst maðurinn á D og sló hana að eldra barninu sjáandi.“

c-liður: Lögmaður D segir á 3:45 mín í upptöku: „starfsmaður sem verið hafði með dóttur þeirra til meðferðar hafi staðfest fyrir dómi að dóttirin hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi.“

d-liður: B segir á 4.16 mín. í upptöku: „Fljótlega eftir að D flutti í eigin íbúð í [...] eftir dvöl í Kvennaathvarfinu, hófust ofsóknir og áreiti mannsins sem staðið hafa nær linnulaust síðan.“

e-liður: B segir á 6:51 mín. í upptöku: „Maðurinn falsaði auk þess undirskriftir D á umsóknir um fæðingarorlofsgreiðslur og pappíra til Tryggingarstofnunar.“

f-liður: Lögmaður D segir á 11:06 mín. í upptöku: „Hann segir við eldri dóttur sína að hann ætli að skera hausinn af mömmu hennar og alla útlimina.“

g-liður: B segir á 5:05 mín. í upptöku: „Eigur hennar voru einnig skemmdar, bíllinn hennar rispaður í fjórgang, þannig að lakkið á honum var ónýtt, göt stungin á dekk bíls hennar og vatnskassi eyðilagður.“

h-liður: B segir á 12:38 mín. í upptöku: „Þrátt fyrir nálgunarbannið hélt ónáðið áfram og skemmdir voru áfram unnar á eigum D. Í mars sl. var bíll hennar skemmdur þegar málningu var hellt yfir hann.“

i-lið: B segir á 13:41 mín. í upptöku: „Bíll D var gjörónýtur eftir brunann og hún ekki tryggð fyrir slíku tjóni. Maðurinn var handtekinn síðar sömu nótt og færður í yfirheyrslu hjá lögreglunni. Hann neitaði staðfastlega sök og við sat.“

j-liður: B segir á 14:26 mín í upptöku: „D segir eftir íkveikjuna í bílnum hafi maðurinn sagt við hana að hún hafi ekki hlotið nægjanlega refsingu.“

Þá krefst stefnandi þess að stefndi, B, verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 4.000.000 króna með vöxtum, samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 31. ágúst 2015 til 28. apríl 2019, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi þess að stefnda, C, verði gert að birta og fjalla um forsendur og niðurstöðu dómsins í fréttatíma C sem og á heimasíðu þess, bæði á íslensku og pólsku, eigi síðar en sjö dögum eftir uppkvaðningu dóms að viðlögðum dagsektum, að fjárhæð 50.000 krónur fyrir hvern þann dag sem líður umfram framangreindan frest án þess að birting fari fram. Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda, til vara að miskabótakröfu, kröfu um birtingu dómsins og dagsektir verði hafnað, þær lækkaðar verulega eða réttaráhrifum dagsekta frestað. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Yfirlit helstu málsatvika

Forsaga máls þess er sú að 31. ágúst 2015 birtist í fréttaskýringaþættinum E í C umfjöllun í umsjón stefnda, B, um úrræðið nálgunarbann. Í þættinum var viðtal við fyrrum eiginkonu stefnanda þar sem hún lýsti reynslu sinni sem brotþola í nálgunarbannsmálum og hvernig lögregla hefði tekið á málum hennar. Í málinu liggur fyrir að þegar umfjöllunin var birt hafði stefnandi sætt nálgunarbanni gagnvart stefnanda og dætrum þeirra. Óumdeilt er að stefndi, B, var á þessum tíma dagskrárgerðarmaður sjónvarpsþáttarins E sem sýndur var í sjónvarpi í kjölfar kvöldfrétta og fjallaði um fréttatengd efni og málefni líðandi stundar.

Í stefnu segir að í þættinum hafi verið fjallað um persónulegar deilur stefnanda og barnsmóður hans og sjónum áhorfenda einkum beint að ásökunum konunnar á hendur honum um langvarandi áreitni, hótanir, ofbeldi og skemmdarverk í hennar garð. Í umfjöllun stefnda, B, hafi verið dregin upp „afar svört og neikvæð mynd“ af stefnanda sem byggist nánast eingöngu á einhliða frásögn konunnar.

Í greinargerð stefnda kemur fram að í þættinum hafi sjónum verið beint að því hvernig réttarvörslukerfið og aðrir aðilar sem komi að nálgunarbannsmálum, tækju á málum þegar einstaklingur, sem nær alltaf sé kona, sæti ofsóknum, hótunum og

ofbeldi af hendi nákomins, sem yfirleitt sé karlmaður. Einnig kemur þar fram að vorið 2014 hefði í þættinum verið fjallað um mál nafngreindrar konu sem þá hafði sætt ítrekuðu ofbeldi, hótunum og ofsóknum af hendi fyrrum eiginmanns síns. Yfirskrift fréttarinnar hafi verið: Til hvers er nálgunarbann? Fjallað hefði verið um hvernig réttarvörslukerfið, lögregla og dómstólar væru nær úrræðalaus í slíkum málum þegar kæmi að því að vernda einstaklinga fyrir ofsóknum og heimilisofbeldi af hendi gerenda. Svo virtist sem ítrekað væri hægt að brjóta gegn nálgunarbanni og halda áfram að ofsækja einstakling án þess að nokkuð fengist við það ráðið. Aftur hefði svo verið fjallað um það mál í byrjun ágúst 2015 á þeirri forsendu að réttarvörslukerfið hefði brugðist konunni sem þolanda í ofbeldismáli og að mál hefðu ekkert færst til betri vegar. Þann 31. ágúst sama ár hefði svo birst sú umfjöllun sem mál þetta snúist um. Þar hefði verið fjallað um og rætt við konu sem ítrekað hafði þurft að leita ásjár lögreglu, Stígamóta og annarra aðila vegna háttsemi fyrrum eiginmanns hennar, stefnanda þessa mál. Veruleg gagnrýni hefði komið fram í þættinum á lögreglu og það kerfi sem væri til staðar í heimilisofbeldismálum. Rætt hefði verið ítarlega við konuna um reynslu hennar og þá hefði verið rætt við lögmann hennar, lögreglu og fleiri aðila. Umfjöllunin hefði þannig lotið að máli sem tengst hefði fyrri umfjöllun, hefði átt brýnt erindi í þjóðfélagsumræðu og væri alltaf hluti slíkrar umræðu. Fyrir liggur í málinu að stefnandi var ekki nafngreindur í þættinum en viðmælandinn, fyrrum eiginkona hans, kom fram í mynd og undir nafni.

Með bréfi 28. mars 2019 fór lögmaður stefnanda þess á leit við stefnda, C, að ummælin sem höfðu verið lätin falla í E 31. ágúst 2015, yrðu dregin til baka, afsökunarbeiðni birt og stefnanda greiddar hæfilegar miskabætur. Þá var einnig óskað eftir því að forsvarsmenn C upplýstu hvaða starfsmenn/maður eða aðrir einstaklingar bæru ábyrgð á ummælunum, sbr. 3. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Erindinu var svarað með bréfi stefnda, C, 26. apríl 2019. Þar var málaumleitunum stefnanda hafnað með vísan til þess að umrædd ummæli ættu það öll sammerkt að stafa frá viðmælendum eða vera endursögn á ummælum þeirra. Yrði hvorki stofnunin né einstakir starfsmenn hennar gerðir ábyrgir fyrir þeim. Þá kom þar jafnframt fram að stofnunin yrði ekki við kröfum stefnanda vegna þess tómlætis sem hún taldi að stefnandi hefði sýnt. Þá sagði að stefndi, B, bæri ábyrgð á umfjölluninni, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 en kæmi til bótaábyrgðar hans bæri stefndi, C, ábyrgð á greiðslu bóta, sbr. 3. mgr. lagagreinarinnar.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að öll ummæli sem tilgreind eru í kröfugerð hans, og krafist er ómerkingar á, séu ærumeiðandi aðdróttanir er feli í sér brot gegn 235. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 og þau beri að ómerkja með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Ummælin séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og því að engu hafandi. Þau séu meiðandi í garð stefnanda og til þess fallin að sverta æru hans og mannorð. Stefnandi hafi því ríka hagsmuni af því að fá ummælin ómerkt. Verði hins vegar ekki fallist á að ummælin feli í sér aðdróttanir, byggir stefndi á því að hvert og eitt þeirra feli í sér móðgun í sinn garð og fari í bága við 234. gr. laganna og því beri að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi byggir nánar á því að með ummælum í staflidum b, d, e, g, h, i, og j hafi stefndi dróttað að því að stefnandi hafi gerst gerst sekur um alvarleg brot gegn refsilögum, sbr. 235. gr. laga nr. 19/1940. Stefnandi hafni þeim ummælum sem þar komi fram og segir þau bæði ósönn og tilhæfulaus. Ummælin beri því að ómerkja og dæma stefndu til greiðslu bóta.

Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi, B, beri bótaábyrgð á ummælum í staflidum a, c, f og j þar sem hann hafi með þeim borið út ærumeiðandi aðdróttanir barnsmóður stefnanda og lögmanns hennar, sbr. 235. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðum XXV. kafla laganna sé útbreiðsla ærumeiðandi ummæla lögð að jöfnu frumærumeiðingunni sjálfri. Felist í því að útbreiðsla ummæla sé sjálfstætt brot gegn lögnum og sé sama refsing gerð þeim sem viðhefur slík ummæli og þeim sem beri slíka aðdróttun út.

Þrátt fyrir að fjölmiðlum sé veitt nokkurt svigrúm til að breiða út ummæli sem aðrir hafi viðhaft sé frelsi þeirra ekki án takmarkana. Í slíkum tilvikum verði ávallt að gera þá kröfu að umfjöllun sé sett fram í góðri trú og að hlutlægni sé gætt. Byggir stefnandi á að það hafi ekki verið raunin í máli þessu.

Stefnandi byggir á því að í ummælum í staflidum a-j felist ásakanir um að stefnandi hafi gerst sekur um gróf hegningarlagabrot sem eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Séu öll framangreind ummæli til þess fallin að meiða æru og skaða mannorð stefnanda og beri því að ómerkja neðangreind ummæli á grundvelli 241. gr. laga nr. 19/1940. Verði nú vikið að einstökum ummælum.

a-liður: B segir á 1:35 mínútu í upptöku: „Að sögn hennar fór hann fljótlega að beita hana ofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu, eitt sinn var D svo bólgin og marin í andliti, eftir ofbeldi mannsins, að hún var frá vinnu í heila viku og neyddist til að leita til læknis.“ Ummælin feli í sér ósannar og órökstuddar aðdróttanir á hendur stefnanda, sem séu til þess fallnar að skaða æru hans og persónu. Með útbreiðslu ofangreindra ummæla barnsmóður stefnanda, sem feli bæði í sér ærumeiðandi móðgun og aðdróttun, hafi stefndi brotið gegn ákvæðum 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Ummælin eigi ekki við rök að styðjast og því beri að ómerkja þau óviðurkvæmilegu ummæli, sbr. 241. gr. þeirra laga.

b-liður: B segir á 2:44 mínútu í upptöku: „Nokkuð dró úr ofbeldinu eftir fæðingu eldri dótturinnar, en þegar sú yngri var hálfis árs, réðst maðurinn á D og sló hana að eldra barninu sjáandi.“ Stefnandi segir að engin gögn hjá lögreglu eða öðrum, eða upplýsingar frá dóttur stefnanda, styðji þá frásögn fyrrum eiginkonu hans að hann hafi nokkurn tíma beitt hana líkamlegu ofbeldi, s.s. heilsufarsgögn eða annað sem renni stoðum undir ofangreind ummæli.

c-liður: Lögmaður D segir á 3:45 mínútu í upptöku: „Starfsmaður sem verið hafði verið með dóttur þeirra til meðferðar hafi staðfest fyrir dómi að dóttirin hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi.“ Stefnandi segir engin gögn liggja fyrir um að nokkur aðili hafi staðfest að dóttir stefnanda hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu föður síns. Rannsókn þess máls hafi verið látin niður falla þar sem ekki hafi verið talið að brot hefði átt sér stað. Hér sé um mjög alvarlega ásökun að ræða þar sem stefnanda sé gefið að sök að hafa gerst sekur um brot sem sé svívirðilegt að almenningsáliti. Rétt sé að hafa í huga að af dómaframkvæmd íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu megi álykta að því alvarlegri sakir sem bornar séu á einstaklinga með umfjöllun fjölmiðla þeim mun ríkari kröfur verði að gera til fjölmiðlamanna að þeir sannreyni sannleiksgildi heimilda sinna. Þá ítrekar stefnandi að í umfjöllun stefnanda hafi ekki verið getið um gögn sem bentu á hið gagnstæða, þ.e. að stefnandi væri saklaus af meintum brotum gegn dóttur sinni.

d-liður: B segir á 4.16 mínútu í upptöku: „Fljótlega eftir að D flutti í eigin íbúð í [...] eftir dvöl í Kvennaathvarfinu, hófust ofsóknir og áreiti mannsins sem staðið hafa nær linnulaust síðan.“ Stefnandi segir engin gögn styðja þessa frásögn fyrrum sambýliskonu stefnanda. Þó skuli það tekið fram að hún „náði að láta úrskurða stefnanda í nálgunarbann þar sem hann reyndi ítrekað að hitta dætur sínar“. Þar hafi stefnandi gerst sekur um dómgreindarrest og hafi farið að settum reglum síðan.

e-liður: B segi á 6:51 mínútu í upptöku: „Maðurinn falsaði auk þess undirskriftir D á umsóknir um fæðingarorlofsgreiðslur og pappíra til Tryggingarstofnunar.“ Stefnandi segir enga kæra liggja fyrir um meinta fölsun og auðsótt mál fyrir fyrrum eiginkonu stefnanda að láta rannsaka slíkan gjörning kjósi hún það. Enn og aftur sé um hrein ósannindi að ræða.

f-liður: Lögmaður D segi á 11:06 mínútu í upptöku: „Hann segir við eldri dóttur sína að hann ætli að skera hausinn af mömmu hennar og alla útlimina.“ Stefnandi kveðst hafna framangreindum ummælum sem ósönnum og tilhæfulausum. Þá séu þau til þess fallin að skaða æru stefnanda. Hér sé um hreinan uppspuna að ræða.

g-liður: B segi á 5:05 mínútu í upptöku: „Eigur hennar voru einnig skemmdar, bíllinn hennar rispaður í fjórgang, þannig að lakkid á honum var ónýtt, göt stungin á dekk bíls hennar og vatnskassi eyðilagður.“ Stefnandi segir engin gögn styðja ofangreindar ásakanir um eignaspjöll. Hafni stefnandi þessum ummælum sem haldlausum og

ósönnuðum. Verði að gera þá kröfu til fjölmiðla að þeir leggi fram gögn til stuðnings slíkum ásökunum.

h-liður: B segi á 12:38 í upptöku mínútu: „Þrátt fyrir nálgunarbannið hélt ónæðið áfram og skemmdir voru áfram unnar á eignum D. Í mars sl. var bíll hennar skemmdur þegar málningu var hellt yfir hann.“ Stefnandi segir hér ranglega farið með staðreyndir og enginn fótur fyrir slíkum aðdróttunum. Ummælin feli í sér ósannar ásakanir um refsivert brot sem stefnandi hafni alfarið.

i-liður: B segi á 13:41 mínútu í upptöku: „Bíll D var gjörónýtur eftir brunann og hún ekki tryggð fyrir slíku tjóni. Maðurinn var handtekinn síðar sömu nótt og færður í yfirheyrslu hjá lögreglunni. Hann neitaði staðfastlega sök og við sat.“ Stefnandi telur að með ofangreindum ummælum, og myndbandsupptöku sem sýnd var í þættinum, hafi með greinilegum hætti verið dróttað að stefnanda um að hann hafi gerst sekur um að kveikja í bíl barnsmóður sinnar og þar með gerst brotlegur gegn lögum. Engin gögn liggi fyrir sem staðfesti að stefnandi hafi kveikt í bíl barnsmóður sinnar. Beri því að ómerkja ofangreind ummæli.

j-liður: B segi á 14:26 mínútu í upptöku: „D segir að eftir íkveikjuna í bílnum hafi maðurinn sagt við hana að hún hafi ekki hlotið nægjanlega refsingu.“ Stefnandi telur þessi ummæli tilhæfulaus og til þess fallin að rægja stefnanda. Feli þau í sér ásökun um refsiverða háttsemi og þá séu einnig til þess fallin að rægja stefnanda, skaða persónu hans og „atgervi“.

Kröfu um ómerkingu allra þessara ummæla segir stefnandi vera reista á 241. gr. laga nr. 19/1940. Byggir stefnandi á því að þau séu ósönn og beinlínis röng. Dróttað sé að því að stefnandi hafi beitt barnsmóður sína og dætur ofbeldi, auk þess sem hann sé sakaður um skemmdarverk og skjalafals. Þær sakir sem á hann séu bornar í umfjöllun stefnda, B, séu ósannar og að engu hafandi, sbr. 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Þá byggir stefnandi ómerkingarkröfu sína á því að ummælin feli ekki einvörðungu í sér aðdróttanir um refsivert brot heldur einnig um skapgerðarbrest, ómildi og níðingsskap af hans hálfu, sem sé til þess fallið að smána og skaða æru stefnanda. Slík ummæli brjóti einnig gegn 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Hvort sem framangreind atriði séu virt í heild eða ein og sér beri að dæma þau dauð og ómerk á grundvelli framangreindra sjónarmiða.

Stefnandi byggir á því að-stefndu beri sönnunarbyrði fyrir sannleiksgildi þeirra ummæla sem um hann voru höfð í umfjöllun í E 31. ágúst 2014. Hegðun fyrrverandi barnsmóður hans hafi einkennst af innistæðulausum ásökunum og uppspuna, allt í þeim eina tilgangi að tálma umgengni stefnanda við dætur sínar. Stefnandi tekur fram að þó svo að einstaklingar verði að einhverju marki að þola að fjölmiðlar fjalli um persónuleg málefni þeirra sem samofin séu málefnum líðandi stundar eigi einstaklingar ekki að þurfa að sæta því að fullyrt sé um sekt þeirra án þess að gögn

liggi fyrir um það. Stefnandi telur að sé framsetning og efni umfjöllunar stefnda virt heildrænt sé verulega á hann hallað og því fari fjarri að hlutlægni hafi verið gætt við vinnslu þáttarins. Með hliðsjón af efni og framsetningu umfjöllunarinnar séu áhorfendur í litlum sem engum vafa um sannleiksgildi þeirra ásakana sem bornar séu á stefnanda í þættinum. Þá hafi ekki verið gætt jafnræðis eða hlutlægni þannig að áhorfendur hafi getað myndað sér sjálfstæða skoðun um sekt stefnanda eða sakleysi. Megi líta svo á að stefnandi hafi bæði verið ákærður og dæmdur í útsendingu sjónvarps.

Stefnandi bendir á að það séu grundvallarmannréttindi í réttarríki að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskri réttarskipan, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það séu til þess bærir handhafar opinbers valds sem annist rannsókn og saksókn í sakamálum. Það sé síðan hlutverk dómstóla að dæma um sekt eða sakleysi manna sem ákærðir hafi verið fyrir refsiverða háttsemi. En eins og viðkomandi fjölmiðill hafi staðið að verki hafi hann kosið að svipta stefnanda þessum grundvallarmannréttindum og nefnt hann ofbeldismann og afbrotamann án þess að hann hafi verið ákærður fyrir slíka háttsemi eða dæmdur.

Þá byggir stefnandi á að í ummælunum felist ekki aðeins aðdróttanir, þar sem stefnandi sé ásakaður um refsivert athæfi, heldur feli þau einnig í sér vanvirðandi aðdróttanir um atgervi stefnanda, þ.e. ofbeldishneigð, bráðlyndi og grimmd. Ekki sé skilyrði til beitingar á því ákvæði að aðdróttun lúti að ásökunum um refsiverðan verknað, heldur nægi að dróttað sé um háttsemi sem getur orðið virðingu manns til hnekkis, sbr. 235. gr. Til vara, ef ekki er fallist á að umstefnd ummæli feli í sér ærumeiðandi móðgun, er vísað til 234 gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með umfjöllun sinni farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns sem fjölmiðlamaður og brotið þannig gegn friðhelgi einkalífs stefnanda. Þrátt fyrir ríkt svigrúm fjölmiðlamanna til að fjalla um og miðla skoðunum og upplýsingum í þjóðfélagslegri umræðu beri stefndi, eins og aðrir, ábyrgð á umfjöllun sinni fyrir dómi. Hafi stefndi með umfjöllun sinni gengið lengra á rétt stefnanda en tilefni hafi verið til. Til stuðnings framangreindri málsástæðu vísar stefnandi til þess að stefndi hafi með nafnbirtingu stefnanda og ólögmati myndbirtingu skert friðhelgi stefnanda frekar en tilefni var til, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Hafa verði í huga að fjölmiðlamönnum beri almennt í umfjöllunum sínum að sýna fyllstu tillitsemi og valda ekki saklausu fólki óþarfa sársauka og vanvirðingu, sbr. 3. gr. síðareglna blaðamanna. Þá beri þeim jafnframt að gæta hlutlægni og nákvæmni við störf sín, sbr. 26. gr. laga nr. 38/2011. Stefnandi telur að ekki hafi legið nægilega ríkar ástæður til þess að skerða friðhelgi og skaða æru hans

eins og gert hafi verið. Þegar þannig hátti til verði ekki hjá því komist að álykta að stefndi hafi brotið gegn friðhelgi stefnanda, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá telur stefnandi að umfjöllun stefnda hafi hvorki verið í góðri trú né í samræmi við faglegar kröfur. Gera verði þær kröfur til fjölmiðlamanna að þeir sýni fram á sannleiksgildi fréttaflutnings síns með gögnum og heimildarmönnum. Lágmarkskrafa í þeim efnum sé sú að þeir kanni eins og kostur er hvort frásögn af athöfnum manna eða athafnaleysi, sem kunni að vega að æru manna, eigi við rök að styðjast. Ef stefndi hefði framkvæmt fullnægjandi könnun á staðreyndum og atvikum málsins, hefði hann vitað eða honum mátt vera ljóst, að stefnandi hefði ekki verið ákærður né sakfelldur fyrir þau brot sem um var fjallað.

Engu breyti þó að í umfjöllun stefnda hafi komið fram að rætt hefði verið við stefnanda sem hafi vísað ásökunum í umfjölluninni á bug, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 525/2012. Sérstaklega þegar litið sé til þess að með engu móti sé hægt að fallast á að jafnræðis hafi verið gætt við umfjöllun stefnda, sem nær eingöngu byggðist á frásögn barnsmóður stefnanda og þeirra sem stóðu henni nærri. Þá hafi ekki verið fjallað um andstæð sjónarmið eða þau atriði sem gætu verið stefnanda til framdráttar. Þá beri að hafa í huga að almennt sé gætt nafnleyndar við birtingu refsisdóma eða þeirra mála sem fjalla um hagsmuni barna, sbr. m.a. reglur Hæstaréttar um nafnleynd við útgáfu Hæstaréttardóma.

Byggir stefnandi á að stefndi hefði við umfjöllun sína átt að beina spjótum sínum að stjórnvöldum, s.s. ákæru- og dómsvaldi, í stað þess að draga persónu stefnanda inn í umfjöllunina og greina frá persónulegum deilum hans við barnsmóður sína, umfram það sem tilefni hafi verið til. Vart sé hægt að sjá að margt í umfjöllun stefnda hafi þjónað þeim tilgangi að upplýsa almenning um þá stöðu sem ríkir við úrlausn slíkra mála. Telja verður að stefndi hafi ekki sýnt stefnanda þá tillitssemi sem ætlast hefði mátt til af stefnda við umfjöllun um persónuleg málefni stefnanda.

Ekki fari á milli mála að í umfjölluninni sé stefnandi vændur um refsiverða háttsemi sem hann hafi hvorki verið ákærður eða sakfelldur fyrir. Dregin sé upp mynd af málinu sem sé beinlínis röng. Ljóst sé að hlutlægni hafi ekki verið gætt og margt fært í stílinn í þeim eina tilgangi að vekja áhuga áhorfenda með skaðlegum afleiðingum fyrir stefnanda. Friðhelgi eða æra stefnanda hafi ekki verið virt og umfjöllunin verði því ekki réttlætt með vísan til lýðræðishlutverks fjölmiðla og upplýsingaréttar almennings, sbr. 26. gr. laga nr. 38/2011 eða 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Um sameiginlega aðild stefndu vísar stefnandi til þess, að krafa á hendur þeim sé reist á sömu atvikum og aðstöðu, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála. Í ljósi þess að 2. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 feli ekki í sér sjálfstæða ábyrgðarreglu beini stefnandi bótakröfu sinni einvörðungu að stefnda B, en verði hann

gerður ábyrgur fyrir hinum ummælunum, og þau ómerkt, beri stefndi, C, ábyrgð á greiðslu þeirra skaðabóta sem honum kunnir að vera gert að greiða, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla.

Sé stefnda, B, stefnt sem höfundur og flytjandi umfjöllunarinnar með heimild í a-lið 1. mgr. 50. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 en samkvæmt ákvæðinu ber flytjandi og höfundur hinna umstefndu ummæla (mynd- og hljóðefni), fébóta- og refsíábyrgð á þeim ummælum sem krafist sé ómerkingar á, hvort sem um sé að ræða útbreiðslu ærumeiðinga eða frumærumeiðingu. Sé framangreint ákvæði í samræmi við þá rötgrónu reglu að höfundur beri ábyrgð á því efni sem hann setji fram í eigin nafni.

Um aðild C vísir stefnandi til þess að það sé aðeins á færi C að verða við lið nr. 3 í dómkröfum þar sem kveðið sé á um skyldu til birtingar dóms, að viðlögðum dagssektum, sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 38/2011. Þá sé ljóst, að verði stefndi, B, gerður ábyrgur fyrir ummælum sínum, sé C greiðsluskylt fyrir kostnaði og bótagreiðslum. Að mati stefnanda sé óumdeilt að hinum umstefndu ummælum sé beint að stefnanda og sé hann því réttur aðili að málinu sóknarmegin.

Stefnandi segir kröfu um ómerkingu vera reista á 241. gr. laga nr. 19/1940 sem heimili að óviðurkvæmileg ummæli séu ómerkt fyrir dómi að kröfu þess sem misgert hafi verið við. Með hliðsjón af ofangreindu byggir stefnandi á að öll lagaskilyrði standi til þess að verða við kröfu stefnanda og dæma umstefnd ummæli dauð og ómerk.

Um kröfu stefnanda til greiðslu miskabóta úr hendi stefnda, B, vísar stefnandi til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Telur stefnandi að umstefnd ummæli hafi falið í sér ólögsmæta meingerð að æru stefnanda og það sé á ábyrgð stefnda, B, sbr. a-lið 1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011. Ummælin séu til þess að skaða mannorð stefnanda og sverta hann í augum annarra, sbr. 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940. Þá hafi stefndi með umfjöllun sinni brotið á rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Við mat á fjárhæð miskabóta beri að líta til þess að stefnandi er borinn þungum sökum og að ummælin fengu mikla útbreiðslu í einum vinsælasta dægurmálaþætti landsins. Hafi umfjöllun stefnda farið fram úr öllu hófi og hann hafi engu skeytt um þær gríðarlegu afleiðingar sem ummælin gætu haft í för með sér fyrir stefnanda, bæði fyrir sjálfsvirðingu hans og mannorð, þ.e. virðingu annarra. Þá verði að líta til þess, að stefndi, B, hafi vitað, eða mátt vita, að ásakanir á hendur stefnanda voru rakalausar og að hann hafði hvorki verið ákærður eða sakfelldur fyrir þau brot sem honum vor gefin að sök í umfjöllun stefnda, sbr. 1. mgr. 236. gr. laga nr. 19/1940. Fullyrðingar um sekt stefnanda stríddu því gegn lögum.

Krafa stefnanda um birtingu dóms og forsendna hans byggist á 59. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 þar sem sé að finna heimild til að dæma fjölmiðlaveitu, eftir

kröfu þess sem misgert var við, að viðlögðum dagssektum, til að gera grein fyrir forsendum og dómsorði í dagskrá sinni. Á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis, krefst stefnandi því þess að C verði gert að birta og fjalla um forsendur og niðurstöðu dómsins í fréttatíma C, sem og á heimasíðu stefnda C, bæði á íslensku og pólsku, eigi síðar en sjö dögum eftir uppkvaðningu dóms að viðlögðum 50.000 króna dagsektum fyrir hvern þann dag sem líði umfram áðurgreindan frest án þess að birting fari fram, enda aðeins á færi stefnda C að standa að slíkri birtingu. Þess beri að geta, líkt og kemur fram í upphafi umfjöllunar E, að þó svo að barnsmóðir stefnanda sé íslenskumælandi, hafi umfjöllun E einnig verið textuð sérstaklega á pólsku.

Krafa stefnanda um greiðslu almennra vaxta styðst við 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 8. gr. sömu laga, þar sem segi að skaðabótakröfur beri vexti frá þeim degi sem hið bótaskylda atvik eigi sér stað. Krafa um dráttarvexti byggist á 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. 9. gr. sömu laga, og miðist upphafsdagur dráttarvaxta við 28. apríl 2019, þ.e. mánuði frá því að kröfubréf lögmanns stefnanda var sent til stefndu. Um kröfu stefnanda til greiðslu málskostnaðar sé vísað til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 19/1991, einkum 129. gr. og 130. gr.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndi reisir sýknukröfu sína á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi sem varið sé af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í síðarnefnda ákvæðinu segi, að réttur til tjáningarfrelsis skuli jafnframt ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis, án afskipta stjórnvalda. Með afskiptum stjórnvalda sé m.a. átt við hlutverk dómstóla. Stefnandi vísar til þess að löggjafinn og dómstólar hafi játað einstaklingum verulegt svigrúm til tjáningar, þar á meðal til almennrar umfjöllunar um menn og málefni. Réttur þessi sé, samkvæmt dómafordæmum Mannréttindadómstóls Evrópu, sérlega ríkur og mikilvægur í lýðræðissamfélagi, þegar um sé að ræða málefni sem telja megi að eigi erindi við almenning og geti talist innlegg í samfélagsumræðuna.

Rétturinn til tjáningarfrelsis takmarkist af þeim undantekningum sem gerðar séu í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans. Ítrekuð dómafordæmi mannréttindadómstólsins áskilji að þessar undanþágur frá meginreglunni um tjáningarfrelsi beri að túlka afar þröngt. Þannig megi, samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 62/1994 og dómafordæmum mannréttindadómstólsins, einungis takmarka tjáningarfrelsi þegar nauðsyn ber til í lýðræðislegu samfélagi (e. necessary in a democratic society). Orðið „nauðsyn“ í þessu sambandi hefur verið túlkað af mannréttindadómstólnum sem „knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn“ (e. pressing social need). Hvort slík nauðsyn sé fyrir hendi er

dómstólum í landsrétti látið eftir að meta og beri þeim við það mat að líta til þess hvernig mannréttindadómstóllinn hafi túlkað 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Þegar kröfur stefnanda í þessu máli séu metnar beri að hafa framangreind sjónarmið að leiðarljósi og gæta þess að takmarka ekki tjáningarfrelsi stefndu, nema telja megi að það sé mjög brýnt og algerlega nauðsynlegt í lýðræðissamfélagi. Með tilliti til umkvörtunarefna stefnanda fari því fjarri að með ummælunum hafi verið gengið þannig á réttindi stefnanda að telja megi að stefndu hafi í umfjölluninni farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis, svo að nauðsynlegt og réttlæt看legt sé að skerða tjáningarfrelsi þeirra og tjáningarfrelsi almennt, með þeim hætti sem felst í kröfum stefnanda.

Stefndu telja málshöfðun stefnanda algerlega tilhæfulausa. Umfjöllunin í E hafi lotið að heimilisofbeldi, ofsóknum og áreiti sem einstaklingur hafði orðið fyrir án þess að hægt væri að stöðva það, úrræðaleyfi réttarvörslukerfisins og hvernig nálgunarbann kæmi að notum sem úrræði. Ekki verði deilt um að þeir hagsmunir sem um hafi verið fjallað séu mikilsverðir og að umræða um þau mál eigi erindi við almenning og sé alltaf hluti þjóðfélagsumræðunnar. Hinn umræddi þáttur E hafi einnig verið hluti af stærri umfjöllun. Árið á undan hafi ítrekað verið fjallað um sambærileg mál og rætt við einstaklinga sem höfðu mátt þola sams konar áreiti og viðmælandi E í umræddum þætti, lögreglu og aðra viðeigandi aðila.

Stefnandi byggir á því að umræða um þau mál sem hafi verið til umfjöllunar í E sé mikilvæg fyrir samfélagið allt. Stefndu hafi verið í fullum rétti til þess að birta umfjöllunina, sbr. m.a. 73. gr. stjórnarskrár Íslands og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Sá réttur þeirra verði ekki takmarkaður nema brýna nauðsyn beri til, sérstaklega þegar svo hátti til eins og í þessu máli, þar sem viðmælandi fjölmiðilsins hafi einfaldlega lýst sinni eigin reynslu og upplifunum.

Stefndu telja umræðu um framangreinda hluti eiga erindi í þjóðfélagsumræðu. Þurfi líklega ekkert að deila um það. Mjög erfitt, jafnvel útilokað, sé að fjalla um slíka hluti án þess að fjallað sé um einstök mál í dæmaskyni. Engin sérstök þörf sé að nafngreina einstaklinga við þannig umfjallanir og það hafi ekki verið gert í tilviki stefnanda enda skipti nafn hans ekki máli fyrir umfjöllunina. Engu máli skipti að stefnandi hafi tekið umfjöllunina inn á sig. Ekki hafi verið gengið lengra en nauðsyn krafði, til að ná þeim tilgangi að umfjöllunin yrði málefnalegt innlegg í samfélagslega umræðu og ekki nær persónu hans en nauðsynlegt var til að fjallað yrði um málið í samhengi við umræðuna sem málið var hluti af. Stefnandi verði því einfaldlega að una umfjölluninni og þola hana. Rangt sé að hæglega hafi mátt ráða af umfjölluninni um hvern var að ræða, þótt ef til vill megi gera ráð fyrir að einhverjir hafi vitað um hvern ræddi. Það hafi hins vegar ekki verið markmið stefndu að upplýsa það sérstaklega. Hins vegar sé um að ræða atriði sem ómögulegt sé að fjalla um nema þar komi við

sögu einhverjir einstaklingar, en þá skipti máli að ganga ekki nær persónu viðkomandi en þörf sé á. Tekið hafi verið tillit til þess við umfjöllunina. Þá athugist, að margir þekktu til málsins og minnst þrír dómar Hæstaréttar um nálgunarbann yfir stefnanda höfðu verið birtir opinberlega, þar sem allir málavextir komu fram.

Stefndu hafni því alfarið að með umfjölluninni hafi verið brotið gegn 234. eða 235 gr. almennra hegningarlaga eða öðrum lögum, s.s. friðhelgi einkalífs stefnda. Umfjöllunin hafi einfaldlega verið lýsing á atburðum um mikilsverða hagsmuni, eins og viðmælandi þáttarins upplifði þá. Það sé grundvallarhlutverk fjölmiðla í lýðræðissamfélagi að taka á móti upplýsingum sem eiga erindi við almenning og miðla þeim áfram. Stefndu hafi með umfjölluninni verið að rækja það hlutverk sitt. Til viðbótar við framangreindar málsástæður taka stefndu fram eftirfarandi um einstök ummæli:

a-liður: Ummælin í a-lið séu höfð eftir stefnda, B, í upphafi umfjöllunar um mál fyrrum eiginkonu stefnanda. Í ummælunum komi fyrirvarinn „að sögn hennar“ skýrt fram. Stefndi hafi enga afstöðu tekið til ummælanna heldur hafi það verið hlutverk hans sem fjölmiðlamanns að taka við og miðla ummælunum. Ummælin eigi sér einnig víða stöð, m.a. í opinberum gögnum. Þannig komi t.d. fram í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, frá 13. desember 2013 í máli nr. E-4051/2013, að stefnandi hafi beitt konuna bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi og í eitt skipti svo mjög að konan hafi verið frá vinnu í heila viku. Á þessum upplýsingum hafi verið byggt af hálfu stefndu við umfjöllunina enda hafi verið búið að leggja þessar upplýsingar fram í dómi og byggja á þeim þar sem staðreyndum. Ummælin hafi verið höfð eftir konunni og þeim miðlað með hennar samþykki.

b-liður: Ummælin í b-lið séu sams konar og ummælin í a-lið, þau séu höfð eftir stefnda, B, í upphafi umfjöllunarinnar. Stefndi hafi enga afstöðu tekið til þeirra heldur hafi það verið hlutverk hans sem fjölmiðlamanns að taka við og miðla þeim. Þau hafi haft þýðingu fyrir umfjöllunina í heild, og fjölluðu um heimilisofbeldi sem viðmælandi þáttarins kvað að hefði átt sér stað og hefði ítrekað fullyrt, m.a. í öðrum dómsmálum. Ummælin hafi komið fram annars staðar og byggt á gögnum, ekki síst frásögn konunnar sjálfrar sem geti staðfest það. Ummælin hafi verið höfð eftir konunni og þeim verið miðlað með hennar samþykki. Verði ummælin samkvæmt framangreindu því ekki lýst dauð og ómerk.

c-liður: Krafist er sýknu af þessum ummælum á grundvelli aðildarskorts. Eins og fram kemur í stefnu er um að ræða ummæli sem höfð eru eftir lögmanni fyrrum eiginkonu stefnanda, viðmælanda E. Þau hafi verið höfð beint eftir lögmanninum sem hafi tjáð sig í eigin nafni. Þegar af þeirri ástæðu beri stefndu ekki ábyrgð á ummælunum, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Að öðru leyti sé byggt á öðrum málsástæðum í greinargerð.

d-liður: Ummælin í d-lið lýsi þeirri staðreynd málsins að konan, sem hafi verið viðmælandi stefnda og til umfjöllunar í E, hafi orðið fyrir því sem hún lýsi sem ofsóknum og áreiti stefnanda. Gríðarlegur fjöldi gagna sé til sem staðfesti þetta. Í fyrsta lagi liggi fyrir að stefndi hefur sætt nálgunarbanni samkvæmt úrskurði dómstóls minnst fjórum sinnum, þar af þrívégis með dómi Hæstaréttar. Það sé hugsanlega einsdæmi að sami einstaklingur hafi verið úrskurðaður jafnoft í nálgunarbann af dómstólum. Sannarlega hafi konan leitað ásjár kvennaathvarfsins vegna háttsemi mannsins. Ummælin lýsi því hvað gerðist eftir að hún sneri til baka úr kvennaathvarfinu. Um sé að ræða hennar eigin lýsingu og skoðun á háttsemi mannsins, sem jafnframt sé studd gögnum. Ástæður þess að stefnandi hafi verið úrskurðaður í nálgunarbann jafnoft og raun beri vitni sé sú að hann hafi verið talinn hafa viðhaft háttsemi sem mjög sanngjarnt sé að lýsa sem ofsóknum og áreiti í garð fyrrum eiginkonu hans, viðmælanda E. Það hafi því ekki verið ofsögum sagt þegar þau orð hafi verið notuð til að lýsa háttsemi mannsins í garð konunnar. Sú fullyrðing stefnanda í stefnu, að engin gögn styðji þessa frásögn konunnar, séu fráleit þegar litið sé til þess að maðurinn hafi ítrekað verið úrskurðaður í nálgunarbann, sem sé veruleg skerðing á einstaklingsfrelsi og úrræðinu ekki beitt nema brýnt tilefni sé til þess. Það orðalag í stefnu að konan hafi „náð að láta úrskurða stefnanda í nálgunarbann“ séu ómakleg og lýsi ógeðfelli viðhorfi og fullkomnu virðingarleysi gagnvart réttarvörslukerfinu, sem ítrekað hafi fjallað með hlutlausum hætti um mál mannsins og talið enga leið aðra til að vernda konuna fyrir manninum en að skipa honum að halda sig fjarri henni. Með vísan til þeirrar staðreyndar, að stefnandi sannarlega bæði ofsótti og áreitti konuna linnulaust um langan tíma með grófum hætti, séu engin efni til að fallast á kröfu hans um ómerkingu tilvitnaðra ummæla.

e-liður: Þessi ummæli eru byggð á frásögn konunnar um að stefnandi hafi falsað undirskrift hennar á eyðublaði til Vinnumálastofnunar. Sú fullyrðing stefnanda um að engin kæra liggi fyrir vegna þessa sé röng. Konan hefði sannarlega lagt fram kæru á hendur stefnanda vegna slíkrar skjalafölsunar. Um sé að ræða skjöl sem greiði fyrir því að forsjárlaust foreldri fái greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Á slíkt eyðublað þarf undirritun forsjárforeldris. Konan hafi farið ein með forsjá barnanna á þessum tíma. Hún kveðst aldrei hafa skrifað undir slíkt skjal. Engu að síður hafi slíku skjali, með undirskrift konunnar, verið framvísað hjá Vinnumálastofnun. Eini einstaklingurinn sem hafði hag af slíku hefði verið stefnandi. Lögregla taldi hins vegar að hann hefði ekki hagnast á þessu fjárhagslega og hafi því ekki rannsakað málið. Sé það reyndar óskiljanleg niðurstaða þar sem það sé ekki skilyrði þess að gerast sekur um skjalafals að viðkomandi hafi hagnast á því fjárhagslega. Ljóst sé að þetta mál kom upp, pappírur hafi verið framvísað hjá Vinnumálastofnun með undirskrift konunnar sem hún hefði ekki kannast við en þeir voru stimplaðir um móttöku af Fæðingarorlofssjóði.

Hefði konan því lagt fram kæru. Frá þessu hafi verið greint í umfjölluninni enda hluti af henni. Ómögulegt sé fyrir stefndu að sanna eða afsanna fullyrðingarnar og verður þeim ekki gert að gera það en atvikin hafi haft þýðingu fyrir umfjöllun málsins. Í ljósi þess að verið var að segja frá atvikum sem sannarlega hafi gerst, þ.e.a.s. fullyrðingum konunnar um falsaðar undirskriftir til Vinnumálastofnunar, verði ummælin ekki dæmd dauð og ómerk.

f-liður: Krafist er sýknu af þessum ummælum á grundvelli aðildarskorts. Eins og fram komi í stefnu sé um að ræða ummæli sem höfð séu eftir lögmanni fyrrum eiginkonu stefnanda, viðmælanda E. Þau hafi verið höfð beint eftir lögmanninum sem tjáði sig í eigin nafni. Þegar af þeirri ástæðu bera stefndu ekki ábyrgð á ummælunum, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

g-liður: Krafist sé sýknu af þessum ummælum á þeim grundvelli að þau séu sönn. Skemmdir höfðu sannarlega verið unnar á eignum konunnar sem hafi verið viðmælandi þáttarins. Bifreið hennar hafi sannarlega verið rispuð í fjörgang. Göt hafi sannarlega verið stungin á hjólbarða bifreiðarinnar og vatnskassi bifreiðarinnar sannarlega verið eyðilagður. Allt þetta hafi verið rakið í gögnum lögreglu, kröfum konunnar um nálgunarbann og úrskurðum dómstóla. Öll þessi gögn liggja fyrir í málinu. Konan hafi ítrekað tilkynnt eignaspjöll til lögreglu. Útilokað sé að stefnandi geti krafist þess að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk af þeirri ástæðu að um sé að ræða atburði sem sannarlega gerðust. Ekki sé fullyrt með ummælunum að stefnandi hafi átt þar hlut að máli heldur er verið að lýsa atvikum sem sannarlega höfðu átt sér stað. Ef fallist yrði á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla fælist í því yfirlýsing um að atvik, sem sannarlega gerðust og konan kærði sannarlega til lögreglu og sannarlega voru rannsökuð, hefðu aldrei gerst. Því sé mótmælt.

h-liður: Krafist er sýknu af þessum ummælum á þeim grundvelli að þau eru sönn. Eigur konunnar höfðu ítrekað verið skemmdar eins og áður sé lýst. Málningu hefði sannarlega verið hellt yfir bifreið konunnar eins og glögglega megi sjá í þættinum. Útilokað sé að stefnandi geti krafist þess að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk af þeirri ástæðu að um er að ræða atburði sem sannarlega gerðust. Ekki sé fullyrt að stefnandi hefði átt þar hlut að máli, heldur sé verið að lýsa atvikum sem gerðust. Þá komi fram að þessir hlutir hafi haldið áfram að gerast þrátt fyrir að fallist hafði verið á nálgunarbann konunnar gagnvart stefnanda. Sannarlega hafi það gerst. Ef fallist yrði á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla fælist í því yfirlýsing um að atvik, sem sannarlega áttu sér stað og konan hafi kært til lögreglu og voru rannsökuð, hefðu aldrei gerst. Því sé mótmælt.

i-liður: Krafist sé sýknu af þessum ummælum á þeim grundvelli að þau séu sönn. Eins og sjá megi á upptöku í umræddum E hafi óþekktur maður hellt einhverju, líklegast eldfimur vökva, yfir bifreið konunnar í skjóli nætur og lagt eld að með þeim

afleiðingum að bifreiðin gjöreyðilagðist. Það sé efni þessara ummæla. Líkt og fram komi í þættinum sé ástæða þess að atvikið hafi náðst á mynd sú að konan hafi sett upp öryggismyndavél vegna stöðugs áreitiss og skemmda á eigum hennar. Þessi ummæli sem krafist sé ómerkingar á séu einfaldlega sönn. Það sé jafnframt rétt og sannleikanum samkvæmt að konan hafi ekki verið tryggð fyrir slíku tjóni, enda bifreiðin ekki kaskótryggð. Þá sé það einnig sannleikanum samkvæmt að stefnandi hafi verið handtekinn síðar þessa sömu nótt og færður til yfirheyrslu lögreglu, vegna íkveikjunnar. Satt sé og rétt að þar hafi maðurinn staðfastlega neitað sök og við það hafi setið. Útilokað sé að stefnandi geti krafist þess að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk af þeirri ástæðu að um er að ræða atburði sem sannarlega áttu sér stað. Ekki sé fullyrt að stefnandi hafi átt þar hlut að máli, heldur sé verið að lýsa atvikum sem áttu sér stað, þar á meðal þeim viðbrögðum lögreglu að handtaka stefnanda eftir að stefnda tilkynnti um að kveikt hefði verið í bifreið hennar. Ef fallist yrði á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla fælist í því yfirlýsing um að atburðir, sem sannarlega gerðust og konan kærði til lögreglu og voru rannsakaðir, hefðu aldrei gerst. Því sé mótmælt.

j-liður: Svo sem áður sé fram komið hafi eldur verið lagður að bifreið fyrrum eiginkonu stefnanda í skjóli nætur. Atvikið hafi náðst á myndbandsupptöku og sjáist þar að sannarlega hefur verið um íkveikju af ásettu ráði að ræða. Óþekktur maður sjáist nálgast bifreiðina, hella síðan einhverju, líklegast eldfimum vökva, yfir bifreiðina og leggja eld að, með þeim afleiðingum að bifreiðin gjöreyðilagðist. Í umfjöllun um þetta mál í E kom fram, og var haft eftir konunni, að stefnandi hefði af þessu tilefni látið þessi ummæli falla í samtali þeirra, að konan hefði ekki hlotið nægilega refsingu. Stefndu geti enga afstöðu tekið til þess hvort sú fullyrðing konunnar sé rétt eða ekki. Ummælin verði hins vegar ekki ómerkt þar sem þau séu sönn. Konan fullyrði og hafi tjáð blaðamönnum E það að maðurinn hafi sagt þetta við sig. Ummælin hafi ekkert að geyma annað en frásögn um að konan hafi fullyrt að þetta hafi maðurinn sagt við hana. Að því leyti eru ummælin sönn og verði því ekki ómerkt. Engin leið sé fyrir stefndu að sanna eða afsanna það hvort maðurinn hafi sagt þetta við konuna. Aðeins hafi verið hægt að greina frá því að konan hafi sagt, að maðurinn hafi sagt þetta við hana. Við mat á þessum ummælum verði ekki horft fram hjá því að sannað sé að maðurinn hafi látið ýmis afar óviðurkvæmileg ummæli falla í garð konunnar og ættingja hennar, sem m.a. áttu sinn þátt í að fallist hafi verið á nálgunarbann.

Auk framangreinds byggja stefndu á því að ummælin séu einfaldlega ekki ærumeiðandi. Rökstuðningur í stefnu um ómerkingu ummælanna sé rangur og illskiljanlegur. Ummælin feli ekki í sér ásökun um refsiverða háttsemi og séu ekki til

Þess fallin að ræga stefnanda eða skaða persónu hans eða „atgervi“. Slíkt sé með öllu ósannað og órökstutt.

Að mati stefndu hafi engin ummæli farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis stefndu. Byggt sé á því að fjölmiðlar njóti mjög rúms tjáningarfrelsis og hafa dómstólar, m.a. Mannréttindadómstóll Evrópu, viðurkennt að mikið þurfi að koma til svo umfjöllun fjölmiðla um málefni sem eiga erindi við almenning, verði ómerkt, jafnvel þótt ekki liggi fyrir sannanir um öll atriði, enda verður fjölmiðlum ekki gert að sanna alla hluti. Jafnframt sé ekki gerð sú krafa til fjölmiðla að farið sé að öllu leyti rétt með allar staðreyndir, sé umfjöllun í meginatriðum rétt. Ekkert af þessu eigi þó við í málinu þar sem umfjöllunin byggji á traustum heimildum en engu að síður sé þetta áréttað af stefndu.

Stefndu hafna kröfu stefnanda um miskabætur þar sem engin ólögmat meingerð hafi verið framin í garð stefnanda málsins. Jafnvel þótt fallist yrði á að ómerkja einhver ummæli telja stefndu ekki tilefni til að dæma stefnanda miskabætur. Fullt tilefni hafi verið til umfjöllunarinnar sem birtist í E um mál konunnar og því fari fjarri að það hafi verið að tilefnislausu. Stefnandi hafi ítrekað sætt nálgunarbanni og öðrum þvingunarráðstöfunum vegna háttsemi sinnar. Slíkar ráðstafanir þurfi að fara fyrir hlutlausu dómstóla og þar hefur verið á þær fallist. Skilyrði nálgunarbanns samkvæmt lögum séu þau að rökstuddur grunur sé um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotþola, eða hætta sé á að viðkomandi brjóti gegn brotþola. Sem fyrr segi hafi dómstólar ítrekað fallist á að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt í málum gegn stefnanda sem sakborningi í slíkum málum. Lesa megi um það í gögnum málsins að stefnandi hafi beðið fyrir utan heimili fyrrum eiginkonu sinnar hvern einasta virkan dag, elt konuna og dætur þeirra í skólann, kallað stanslaust á þær og spurt spurninga sem ekki hafi verið við hæfi ungra barna, sent skilaboð í síma sem konan skildi sem hótanir um að hún yrði fyrir slysi, missti vinnuna eða annað, svo fátt eitt sé nefnt um háttsemi hans.

Stefnandi leggi sjálfur fram tvo dóma Hæstaréttar þar sem honum hafi verið gert að sæta nálgunarbanni vegna mjög alvarlegrar háttsemi í garð konunnar. Stefndu leggi fram einn dóm Hæstaréttar til viðbótar. Í fyrsta dóminum sé því lýst að konan hafi í fjórgang orðið fyrir því að skemmdarverk hafi verið unnin á bifreið hennar. Stefnandi hafi þó ekki viðurkennt að hafa unnið þau skemmdarverk, né að hafa hótað henni limlestingum og öðrum miska á margvíslegan hátt. Hins vegar þyki tilkynningar um atburði sem orðið hafi á vinnustað hennar færa rök fyrir því að ótti hennar við varnaraðila sé á rökum reistur. Jafnframt féllust dómstólar á að framkoma stefnanda yrði ekki skilgreind sem smávægilegur ami sem hver sá sem eigi í forsjárágreiðingum verði að gera ráð fyrir og umbera möglunarlaust. Stefnandi hafi haldið því fram fyrir dómi sem lýsi afar óvenjulegu hugarfari. Í síðasta málinu fyrir Hæstarétti sé þess getið

að stefnanda hafi fram að því þrívægis áður verið gert að sæta nálgunarbanni og sé nú gert að sæta nálgunarbanni í fjórða sinn. Taka stefndu fram að fátítt sé að einstaklingum sé gert að sæta nálgunarbanni jafn oft og yfir jafn langt tímabil, jafnvel einsdæmi.

Líta verður til þess, þegar metin sé sú málsástæða stefnanda að einhverjir sem þekki til hans og konunnar hafi þar með fengið upplýsingar um háttsemi stefnanda, að allir dómar yfir stefnanda um nálgunarbann hafi verið birtir opinberlega. Mjög margir þekkja málið, s.s. starfsmenn leikskóla, vinir og vandamenn beggja. Fátt ef nokkuð hafi komið fram í umfjöllun E, sem ekki sé lýst í framangreindum dómum, þó að atvikum hafi verið lýst ítarlegar í þættinum. Verði því ekki séð að stefnandi hafi haft ama af þættinum umfram það að vera ítrekað úrskurðaður í nálgunarbann og dómar um það birtir opinberlega.

Þá liggi og fyrir sú staðreynd að stefnandi hafi verið kærður árið 2014 fyrir líkamsáraás á starfsmann leikskóla, sem tengist málinu. Atvik að því hafi verið með þeim hætti að stefnandi hafi mætti á leikskóla barnanna og veist þar að starfsmanni leikskólans. Fyrir þá atlögu hafi hann síðan hlotið dóm, samkvæmt því sem fram kemur í dómi Hæstaréttar frá 10. maí 2016 í máli nr. 352/2016. Niðurfelling annarra mála gegn stefnanda breyti engu, enda feli slík niðurfelling rannsóknar á máli ekki í sér að þau atvik sem lýst hafi verið í þættinum hafi ekki gerst.

Samkvæmt framangreindu hafi verið fullt tilefni til að fjalla um mál konunnar sem þolanda stöðugs áreitiss og ofsókna af hendi stefnanda, svo mjög að fá ef nokkur dæmi eru um jafn ítrekaða beitingu nálgunarbanns.

Stefndu byggja á því, að jafnvel þótt niðurstaðan yrði sú að einhver tiltekin ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk, sem stefndu telji þó ekkert tilefni til, sé samt ekki nokkur ástæða til að dæma stefnanda miskabætur. Ljóst sé að háttsemi stefnanda gagnvart konunni og börnunum hafi um langt skeið verið úr öllu velsæmi. Stefnandi verði að þola að fjallað hafi verið um málið í fjölmiðlum í almennri umræðu um heimilisofbeldi, áreiti og úrræði réttarvörslukerfisins og eigi engan rétt á miskabótum vegna slíkrar umfjöllunar, jafnvel þótt af einhverjum ástæðum yrði talið að einstök ummæli í þeirri umfjöllun rúmuðust ekki innan marka tjáningarfrelsis.

Krafa um miskabætur sé auk þess ósönnuð og vanreifuð. Líkt og rakið hafi verið hafi umfjöllunin birst í E fyrir fjórum árum síðan. Telja verði með öllu ósannað að umfjöllunin hafi valdið stefnanda nokkrum miska. Engin tilraun sé gerð í stefnu til að lýsa þeim ætlaða miska sem stefnandi telji sig hafa orðið fyrir. Samkvæmt læknavottorði hafi stefnandi reglulega fengið ávísað þunglyndislyfjum að minnsta kosti frá árinu 2013, eða tveimur árum áður en umfjöllunin hafi birst. Verður því þess vegna ekki haldið fram að stefnandi hafi fengið þunglyndissjúkdóm vegna umfjöllunarinnar.

Miskabótakrafa stefnanda sé auk þess fallin niður fyrir tómlæti, enda hafi liðið fjögur ár frá því umfjöllunin birtist og þar til stefnandi setti hana fram. Til vara sé þess krafist að miskabótakrafan verði lækkuð verulega. Krafan sé alltof há og í engu samræmi við dómafordæmi í málum er varði tjáningarfrelsi.

Kröfum stefnanda um birtingu dóms, forsendna og dómsorðs sé hafnað með vísan til framangreindra málsástæðna. Einnig verði að líta til þess langa tíma sem liðinn sé frá því umfjöllunin birtist. Í öllu falli sé þess krafist að áfrýjun málsins fresti réttaráhrifum birtingar dóms, forsendna og dómsorðs.

Vaxtakröfu stefnanda sé mótmælt. Því sé sérstaklega mótmælt að krafa stefnanda beri vexti frá árinu 2015, enda hafi stefnandi ekkert aðhafst í málinu í tæp fjögur ár og fyrst sett fram kröfu í málinu árið 2019. Þess sé krafist, ef svo færi að stefnanda yrðu dæmdar bætur, að vextir miðist við dómsuppsögu. Stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt 129.-132. gr. laga um meðferð einkamála, auk 24% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun, sbr. lög 50/1988 um virðisaukaskatt.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu byggir stefnandi á því að tiltekin ummæli í E, sem sýndur var í C 31. ágúst 2015 og var í umsjón stefnda B, hafi falið í sér aðdróttanir gagnvart sér sem farið hafi gegn 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða ærumeiðandi móðgun sem fari gegn 234. gr. sömu laga. Krefst hann þess að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, með vísan til 1. mgr. 241. gr. laganna, auk miskabóta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi telur að með ummælunum hafi verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hans sem varin sé af 71. gr. stjórnarskrárinnar. Ummælin hafi verið ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og að engu hafandi og feli í sér ólögmæta meingerð gegn æru hans. Hann hafi því ríka hagsmuni af því að fá þau ómerkt.

Stefndu krefjast sýknu með vísan til tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar sem ekki verði takmarkað nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram komi í 3. mgr. greinarinnar sem ekki séu uppfyllt í málinu. Stefndu hafna því að með hinum umstefndu ummælum hafi verið dróttað að æru stefnanda í skilningi 235. gr. laga nr. 19/1940, að umfjöllunin hafi verið móðgandi í skilningi 234. gr. þeirra eða falið í sér ólögmæta meingerð gegn æru hans. Ummælin hafi ýmist verið höfð beint eftir viðmælendum eða þeir tjáð sig sjálfir með beinum hætti. Í öðrum tilvikum hafi ummælin falið í sér lýsingu á atvikum og staðreyndum sem sannarlega höfðu átt sér stað. Stefndu benda á að fjölmiðlar njóti ríkrar verndar þegar komi að tjáningarfrelsi vegna þess hlutverks sem þeir hafi í lýðræðisþjóðfélagi. Þá telja stefndu að við úrlausn

málsins verði að hafa í huga að umræddur þáttur hafi verið sýndur í ágúst 2015 en málið hafi ekki verið höfðað fyrr en á árinu 2019.

Í máli þessu er, samkvæmt ofangreindu, tekist á um mörk tjáningarfrelsis, sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. hennar og 8. gr. mannréttindasáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994. Í 73. gr. er mælt fyrir um að allir séu frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu, öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs, enda teljist þær skorður nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Reglan er víðtæk og þarf töluvert til að koma svo þessi réttindi verði skert í lýðræðissamfélagi. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um vernd friðhelgi einkalífs manna og fellur æra og mannorð undir hugtakið einkalíf í þeirri grein. Reglan er víðtæk og sett til verndar einstaklingum í innbyrðis samskiptum þeirra. Hún lýtur m.a. að rétti þeirra til að njóta friðhelgi um lífshætti sína og einkahagi, samskipti og tilfinningalíf. Takmarkanir á friðhelgi einstaklinga er einungis réttlætunleg, samkvæmt 3. mgr. greinarinnar, ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, þ.e. réttindi annarra eru markmið takmörkunarinnar.

Fyrirnefnd stjórnarskrárákvæði hafa grundvallarþýðingu við túlkun og beitingu þeirra lagaheimilda sem ætlað er að tryggja nánar eða takmarka þá vernd sem ákvæðin mæla fyrir um. Á það við um ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ. á m. 234. og 235. gr. laganna, sem á reynir í þessu máli og hafa vernd mannorðs og æruvernd að leiðarljósi, og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem mælt er fyrir um tiltekna takmarkanir á tjáningarfrelsi í þágu friðhelgi einkalífs og einnig reynir á í málinu.

Í lýðræðisþjóðfélagi gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki við að miðla upplýsingum um málefni sem varða almenning og hafa samfélagslega skírskotun. Í þessu hlutverki fjölmiðla felst raunar einnig skylda þeirra til að fræða og upplýsa borgarana um hvers kyns þjóðfélagsleg málefni. Leiðir af þessu að játa verður fjölmiðlum ríkt svigrúm til að gera grein fyrir málum sem veita upplýsingar um málefni sem eiga erindi við almenning. Það þurfa því að vera fyrir hendi ríkar ástæður svo að frelsi fjölmiðla til að miðla upplýsingum verði skert.

Þegar metið er hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs í slíkum tilvikum skiptir því máli hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu sem eigi þannig erindi til almennings. Verður þá að líta til stöðu þjóðfélagsmála á hverjum tíma, hvaða málefni beri hæst í opinberri umræðu og eru almennt talin varða almenning miklu og teljist því þáttur í almennri

þjóðfélagsumræðu. Framsetning umrædds efnis, vinnubrögð sem viðhöfð eru við undirbúning viðkomandi fjölmiðlaefnis, möguleg gagnaöflun, trúverðugleiki heimilda o.fl. eru einnig atriði sem hafa þýðingu þegar leitað er þessa jafnvægis tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Hagsmunamatið ræðst því af mörgum þáttum og aðstæður þarf að skoða í hverju tilviki fyrir sig.

Fyrir takmörkunum á tjáningarfrelsi fjölmiðla verða því að vera sérstaklega ríkar ástæður og huga þarf að því hvort sú tjáning sem um er deilt þjóni þeim tilgangi og ástæðum sem búa að baki tjáningarfrelsisákvæðinu. Þá verður takmörkunin að byggjast á nauðsyn sem felur í sér að gæta þarf meðalhófs við skýringu 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta getur leitt til þess að vernd fjölmiðils við miðlun tjáningar kann að vera ríkari en vernd þess sem viðhafði þá tjáningu sem miðlað er og þá eru gerðar vægari kröfur til sönnunar ummæla í slíkri útbreiðslu. Þannig getur réttur og skylda fjölmiðils, til að miðla upplýsingum í þjóðfélaginu og upplýsa almenning, vegið þyngra en réttur einstaklings til að njóta leyndar um einkahagi sína. En þessi réttur fjölmiðilsins er þó ekki takmarkalaus. Þannig verður að telja að ef ekki eru í húfi neinir slíkir hagsmunir sem réttlæta að gengið sé gegn friðhelgi einkalífs tiltekins einstaklings, og ekki verði séð að upplýsingar eigi erindi til almennings, þurfi tjáningarfrelsið að sæta takmörkunum.

Að þessu sögðu tekur dómurinn fram að ljóst megi vera af inngangi í þeim þætti E þar sem hin umstefndu ummæli birtust, að efni hans tengdist almennri umfjöllun um úrræðið nálgunarband, framkvæmd þess, vernd brotþola og skort á gagnsemi þessa úrræðis í málum þar sem einstaklingur hefur sætt viðvarandi áreiti, jafnvel þrátt fyrir að nálgunarband sé í gildi. Dómurinn telur einnig að líta verði svo á að umrædd umfjöllun hafi haft sterk tengsl við umræðu um ofbeldismál, þ. á m. ofbeldi í nánnum samböndum, sem hefur fengið aukið vægi síðustu misseri, og á þann málaflokk verið lögð aukin áhersla af hálfu yfirvalda. Þá liggur fyrir að nokkrum mánuðum fyrr hafði verið fjallað um reynslu annarrar konu af þessu úrræði og saga hennar var einnig sögð í lok þess þáttar sem hér er til umfjöllunar. Þá var í þættinum gerð grein fyrir þeim lagaramma sem gildir um nálgunarband og farið yfir þau efnislegu skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo úrræðinu verði beitt. Verður að líta svo á að þessi framsetning hafi verið til þess fallin að setja frásögn fyrrum eiginkonu stefnanda í samhengi við almenna framkvæmd þessara mála og gildandi lagaumhverfi og hafði frásögn hennar því sterka samfélagslega skírskotun.

Ljóst má því vera að í þættinum var þessi almenna umfjöllun tengd við reynslu viðmælanda þáttarins og saga hennar rakin. Á þeim tíma lá fyrir að stefnandi hafði í það minnsta í tvígang sætt nálgunarbandi gagnvart henni og í tvígang eftir að þátturinn var sýndur, í annað skiptið skömmu eftir þáttinn. Í þættinum lýsir hún sjálf upplifun sinni af kerfi sem henni fannst bregðast seint og illa við þrátt fyrir ítrekaðar

tilkynningar um að fyrrum eiginmaður hennar hefði setið um heimili hennar og valdið henni hræðslu og ótta. Megininntakið í frásögn hennar var sú að réttarvörslukerfið hefði ekki staðið sig sem skyldi í að vernda hana og stöðva áreiti mannsins og að úrræðaleysi yfirvalda væri mikið í málum sem þessum. Í þættinum var auk þess rætt við lögmann hennar og fulltrúa Kvennaathvarfsins. Jafnframt mun efni þáttarins hafa verið fylgt eftir í umfjöllun skömmu síðar þar sem m.a. var leitað skýringa lögreglu yfirvalda á ýmsum atriðum sem gagnrýnd höfðu verið í þættinum við framkvæmd þessara mála.

Fram er komið í málinu að stefnanda var gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum við gerð þáttarins á fundi með aðilum sem komu að gerð hans, þ. á m. stefnda, B. Var ýmsum sjónarmiðum stefnanda komið á framfæri í lok þáttarins. Viðmælandi þáttarins, fyrrum eiginkona stefnanda, kaus að koma fram undir nafni og í mynd þar sem hún sagði sjálf sögu sína, og lýsti upplifun sinni og reynslu. Hafa verður hér í huga að viðtöl í fjölmiðlum eru einn helsti grundvöllur þeirra til að sinna hlutverki sínu og útbreiðsla ummæla nýtur því ríkrar verndar í slíkum tilvikum.

Einstök ummæli eru rakin hér fram í kröfugerð stefnanda og sjónarmið málsaðila varðandi hver og ein þeirra í köflum um málsástæður þeirra. Fyrir liggur að stefnandi var ekki nefndur á nafn í umfjölluninni og andlit hans var afmáð af myndum og í myndbroti sem sýnt var í þættinum. Af því sem fram er komið um aðdragandann að vinnslu þáttarins og því sem liggur fyrir um framsetningu efnisins er ljóst að stefnandi og hans persónulegu hagir voru ekki umfjöllunarefnið og tilgangur umfjöllunarinnar var ekki að fjalla um hans persónulegu málefni heldur var verið að draga athygli áhorfandans að málefni sem hafði samfélagslega skírskotun. Óhjákvæmilega voru atvik sem lutu að stefnanda svo samofin viðfangsefninu og sögu viðmælandans að ekki varð auðveldlega greint þar á milli. Dómurinn tekur fram að ekki verður talið að það hversu langur tími leið frá því að þátturinn var sýndur og þar til stefnandi leitaði réttar síns komi í veg fyrir að hann fái efnislega úrlausn fyrir dómstólum um kröfur sínar. Verður nú vikið að einstökum ummælum í kröfugerð stefnanda.

Ummæli í a- og j-lið fela skýrlega í sér endursögn á ummælum annarra. Dómurinn tekur sérstaklega fram að ekki sé hægt að líta svo á að þessi ummæli feli í sér persónulega skoðun blaðamannsins, stefnda, B, hvorki á stefnanda sem einstaklingi né á atburðum sem áttu að hafa átt sér stað samkvæmt lýsingu viðmælanda hans. Þá verður ekki séð að hann setji ummælin fram á þann hátt að hann geri þau að sínum án nokkurrar tilvísunar eða tengingar við þær upplýsingar sem viðmælandinn lét honum í té og greindi frá. Blaðamanni verður ekki gert að axla ábyrgð á ummælum sem hann hefur eftir öðrum eins og komið hefur fram í fjölmörgum dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Verður ekki fallist á kröfu

stefnanda um ómerkingu þessara ummæla og eru stefndu sýknuð af öllum kröfum hans hvað þau varðar.

Hvað varðar ummæli í c- og f-lið er ljóst að þar tjáir viðmælandi stefnanda sig beint og í eigin persónu. Stefnda verður sem blaðamanni ekki gert að axla ábyrgð á ummælum annarra eins og skýrlega hefur komið fram í fjölmörgum dómum Mannréttindadómstóls Evrópu eða staðreyna sannleiksgildi þeirra svo óyggjandi sé. Dómurinn áréttar að viðtöl eru ein leið fjölmiðils til að gegna því hlutverki sínu að miðla upplýsingum og telja verður að takmörkun á tjáningu fjölmiðils að þessu leyti sé varhugaverð í lýðræðissamfélagi. Þá verður hér einnig að líta til a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Verður ekki fallist á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla og stefndu sýknuð af öllum kröfum hans hvað þau varðar.

Ummæli í b-, d-, g-, h- og i-lið eru frásögn af atvikum sem átt höfðu sér stað að sögn viðmælandans, fyrrum eiginkonu stefnanda, og byggðu m.a. á opinberum gögnum sem þá lágu fyrir. Verður því að líta svo á að staðreyndabáttur þessara ummæla sé nægilega ríkur og tenging þeirra við umfjöllunarefnið augljós. Verður ekki fallist á kröfu stefnanda um ómerkingu þessara ummæla og stefndu sýknuð af öllum kröfum hans hvað þau varðar.

Hvað e-lið varðar krefst stefnandi ómerkingar þeirra þar sem í þeim hafi falist ásökun um refsiverða hegðun. Við gerð þáttarins lá fyrir að viðmælandinn, fyrrum eiginkona stefnanda, hafði kært stefnanda vegna meintrar fölsunar á umræddu skjali enda hefði hún ekki skrifað undir það sjálf. Dómurinn telur ljóst að ummæli í þessum lið byggðust á upplýsingum frá viðmælandanum og studdust við gögn sem þá lágu fyrir. Telja verður að staðreyndabáttur þessara ummæla hafi verið nægilegur og verður stefnda, B, ekki ætlað að sanna þau eða afsanna. Voru þau réttlæt看leg í ljósi þess hvernig málið lá þá fyrir. Við mat á þessu verður einnig að hafa í huga það sem áður er sagt að stefnandi átti fund með stefnda, B, og fleirum er komu að gerð þáttarins og þar gafst honum kostur á að koma að sínum sjónarmiðum.

Undir rekstri þessa mál kom fram að lögmaður stefndu hefði fengið þær upplýsingar að stefnandi hefði fengið bréf frá Fæðingarorlofssjóði vegna þessa þar sem umsókn hans hefði verið hafnað vegna meintrar fölsunar hans á undirskrift fyrrverandi eiginkonu sinnar á umsóknareyðublaðinu. Skoraði stefndi á stefnanda að leggja bréfið fram. Við aðalmeðferð málsins var bókað af hálfu lögmanns stefnanda að stefnandi kannaðist ekki við tilvist slíks skjals eða að hafa fengið slíkt skjal. Í skýrslu sinni fyrir dóminum kannaðist stefnandi við að hafa sótt um umræddar greiðslur en að fyrrverandi eiginkona hans hefði ritað nafn sitt undir umsóknareyðublaðið. Hann hefði fengið synjun um greiðslu og væntanlega fengið bréf um það. Síðar í skýrslutökunni kannaðist hann þó ekki við slíkt bréf. Þó að þetta

hafi ekki úrslitaáhrif um niðurstöðu hvað varðar ummæli í e-lið telur dómurinn óhjákvæmilegt að hafa þetta í huga við úrlausn um ummælin sem þar er fjallað um.

Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn að sú tjáning sem fólst í öllum umstefndum ummælum hafi fallið innan marka 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eins og greinarnar verða skýrðar samkvæmt þeim sjónarmiðum sem áður eru rakin, og falla ummælin því hvorki undir 235 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 né 234. gr. laganna. Dómurinn telur að ummælin hafi verið réttlætanagerleg vegna samfélagslegrar skírskotunar þeirra og framlags umfjöllunarefnisins til mikilvægrar þjóðfélagsumræðu. Þá verður ekki talið að gengið hafi verið nær einkalífi stefnanda, í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar, en óhjákvæmilegt var í ljósi umfjöllunarefnisins sem í eðli sínu var viðkvæmt. Verða ummælin ekki talin hafa falið í sér ólögmeta meingerð gegn persónu hans og æru, í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem veiti honum rétt til miskabóta úr hendi stefndu. Þá verður ekki fallist á að við umfjöllunina hafi ákvæði 26. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla ekki verið virt. Í ljósi allra atvika og þess sem komið hefur fram fyrir dóminum er ekki unnt að fallast á að stefndi, B, hafi borið út ósannar og meiðandi staðhæfingar gegn betri vitund. Er ekkert komið fram annað en að ummælin hafi verið sett fram í góðri trú, í samræmi við faglega blaðamennsku að loknum vönduðum undirbúningi. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt framangreindu hefur öllum kröfum stefnanda verið hafnað. Eftir atvikum þykir þó rétt að aðilar beri sjálfir kostnað sinn af málinu. Af hálfu stefnanda flutti málið, Fjölur Vilhjálmsson lögmaður og af hálfu stefndu, Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndu, B og C, eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Hólmfríður Grímsdóttir